



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Bæjarráð

Kópavogi, 20. september 2023

Efni: Álit lögfræðideildar um kynjahlutföll í tímabundum starfshópum

Óskað var eftir áliti lögfræðideildar Kópavogsbæjar um það hvort meginreglan um jafnt kynjahlutfall eigi við í þeim tilvikum þegar settir eru á fót tímabundnir starfshópar um einstaka verkefni, sem dæmi starfshóp um endurskoðun Kópavogsdals.

Samkvæmt 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 skal við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga gæta að því að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Á það við um allar nefndir og starfshópa, óháð því hvort þeir eru tímabundnir eða ekki. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins skulu tilnefningaraðilar tilnefna bæði karl og konu. Skýra þarf frá ástæðu þess að vikið er frá þeirri reglu að tilnefna bæði karl og konu og þurfa þá hlutlægar ástæður að liggja fyrir hendi. Þær hlutlægu ástæður sem koma til greina eru t.d. þekking og reynsla sérfræðinga. Eru því færri hlutlægar ástæður sem eiga við þegar verið er að skipa pólitíska fulltrúa heldur en sérfræðinga, þar sem pólitískir fulltrúar eru almennt skipaðir á grundvelli pólitískra skoðana frekar en sérfræðiþekkingar.

Með vísan til ofangreinds er það mat undirritaðrar að meginregla 28. gr. laga nr. 150/2020 eigi við um tímabundna starfshópa um einstaka verkefni. Víki tilnefningaraðili frá því að tilnefna bæði karl og konu þarf hann að gefa upp lögmæta hlutlæga ástæðu.

Virðingarfyllst,

Auður Kolbrá Birgisdóttir
lögfræðingur og jafnréttisráðgjafi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026